

# Matstæki um þróun og gæði skólastarfs

Í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám,  
lýðræðislegt og nemendamiðað skólastarf og  
lærdómssamfélag

2018

## Matstæki um þróun skólastarfs í Grundaskóla - Bakgrunnur

Samkvæmt lögum og reglum þarf hver skólastofnun að móta sér ákveðið faglegt innra gæðamatskerfi. Hver skólastofnun þarf að hafa formlegt matstæki sem lagt er til grundvallar við eftirlit og mat á gæðum starfsins. Meðfylgjandi matskerfi sem lagt er til grundvallar í Grundaskóla 2018-2021 er byggt á vinnu Menntasviðs Reykjavíkurborgar og Rannsóknarstofu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um þróun skólastarfs.

Hér er byggt á niðurstöðum rannsókna á skólastarfi, auk þess sem stuðst var við reynslu af ytra mati á grunnskólum Akraneskaupstaðar, Reykjavíkurborgar og fleiri sveitarfélaga. Matskerfið er lifandi plagg og tekur breytingum með hliðsjón af umræðu í skólasamfélaginu, opinberum kröfum og skólasýn.

Uppbygging kerfisins er þannig að í grunninn sex þáttum í skólastarfinu er lýst á fimm stiga kvarða. Þessir þættir eru: Skipulag og stjórnun, Stefnumörkun, innra mat og starfsþróun, Námsumhverfi, nemendur, kennarar og annað starfsfólk, Foreldrar og grendarsamfélag.

- Á 1. stigi má segja að lýst sé skólastarfi hér á landi eins og það var frá upphafi almenningskóla í þéttbýli og fram eftir 20. öldinni.
- Á 5. stigi er dregin upp framtíðarsýn um skólastarf miðað við hugmyndir um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda (individualised learning, cooperative learning), lýðræðislegt skólastarf (learning in democracy) og lærdómssamfélag (learning community).
- Stigunum þar á milli er ætlað að lýsa þróuninni og því sem stefnt er að í starfi okkar í Grundaskóla.

Skilgreiningar á einstaklingsmiðuðu námi í bókinni Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar voru hafðar að leiðarljósi. Nám í þeim anda felur m.a. í sér (bls. 323):

*„ólík viðfangsefni nemenda eftir stöðu og áhuga í náminu, gjarnan innan sama þema; sjálfstæði, valmöguleika og áhrif og ábyrgð á framgangi námsins; skipulagða samvinnu nemenda; nýtingu upplýsingatækni og loks einstaklingsáætlanir sem nemendur gera í samvinnu við kennara og foreldra og byggðar eru á upplýsingum um framvindu námsins, meðal annars úr stöðugu mati kennara, nemandans og foreldra. Þannig er hugtakið einstaklingsmiðað nám því einskonar samnefnari fyrir margvíslegar hugmyndir sem eru af ólíkum rótum runnar. Skilgreiningin felur í sér höfuðáherslu á að ... laga nám að stöðu ... hvers og eins ... (sbr. Lög um grunnskóla frá 2008). Jafnframt tengist hún hugtökum eins og nemendastýringu og sjálfræði nemenda (Deci og Ryan, 1987; Thanasoulas, 2000), valdeflingu (Harvey og Burrows, 1992) eða að taka tillit til radda nemenda um námið sem vísar til möguleika þeirra á að hafa áhrif á eigið nám (Fielding, 2006; Rudduck, 2003) ... En ekki síst felur hún í sér áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð (Wolfgang Edelstein, 2008) sem bæði taka til samvinnu nemenda og áhrifa þeirra á nám sitt.“*

Markmið okkar er að efla á jöfnuð, mannréttindi og lýðræði í skóla- og frístundastarfi og að börn og ungmenni séu virkir þátttakendur í ákvörðunum um eigið nám og starf.

Eins og fram kemur er matstækið unnið af starfshópi á vegum Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Það er síðan aðlagað að starfsháttum í Grundaskóla og þeim áherslum sem skólinn leggur í starfi sínu. Við aðlögun er einnig litið til matskerfis Menntamálstofnunar og þeirra hugmynda sem menntamálayfirvöld hafa lagt fram tengt ytra mati í skólastofnunum árið 2018.

Heimildir: Matstæki um þróun skólastarfs 2005/20016 Reykjavíkurborg og HÍ Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs, Skólastefna og samþykktir Akraneskaupstaðar, Deci, E. L. og Ryan, R. M. (1987). The support of autonomy and the control of behavior. *Journal of Personality and Social Psychology*, 53(6), 1024–1037. Fielding, M. (2006). Leadership, radical student engagement and the necessity of person-centered education. *International Journal of Leadership in Education*, 9(4), 299–313. Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri) (2014). Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Harvey, L. og Burrows, A. (1992).

Empowering students. *The New Academic*, 1(3), 1–3. Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Rudduck, J. (2003). Pupil voice and citizenship education: A report for the QCA Citizenship and PSHE team. Cambridge: University of Cambridge. Thanasoulas, D. (2000). What is learner autonomy and how can it be fostered? *The Internet TESL Journal*, 6(11). Sótt af <http://iteslj.org/Articles/Thanasoulas-Autonomy.html> Wolfgang Edelstein. (2008). Hvað geta skólar gert til að efla lýðræði? Hæfni og færni í draumalandi. Í Dóra S. Bjarnason, Guðmundur Hálfðanarson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson og Ólöf Garðarsdóttir (ritstjórar), *Menntaspor*. Rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008 (bls. 65–78). Reykjavík: Sögufélag.

1. SKIPULAG OG STJÓRNUN 1. stig 2. stig 3. stig 4

## 1. Skipulag og stjórnun

1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig
<b>Skipulag kennsluhátta</b>				
Nemendum skipt í árganga og bekki; einn kennari – einn bekkur		Teymi kennara innan árganga eða stiga skipuleggja saman nám og kennslu, en hver og einn ber ábyrgð á umsjónarhópi sínum		Teymiskennsla er viðhöfð í öllum skólanum þar sem teymi kennara ber sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu nemendahóps
<b>Námsskipulag</b>				
Námi skipt í námsgreinar; stundaskrá skipt niður í 40 mín. vinnulotur		Nám skipulagt í þemu þvert á greinar í þemavikum, nemendur hafa, eftir atvikum, val um viðfangsefni; stundaskráin stundum brotin upp		Nám að stórum hluta skipulagt í þemu/ viðfangsefni þvert á námsgreinar og nemendur hafa val um viðfangsefni; vinnulotur ráðast af viðfangsefnum
<b>Ákvarðun um heildarskipulag</b>				
Skólastjóri tekur einn flestar ákvarðanir um stjórnun og skipulag skólans; hefur ekki samráð þar um	Skólastjórnendur leggja áherslu á að upplýsa um meginákvarðanir og leita eftir áliti starfsmanna áður en ákvarðanir eru teknar	Stjórnun og skipulag er í höndum stjórnendateymis og í samvinnu við verkefnateymi		Skólastjórnendur bera meginábyrgð á skólastarfinu en líta á stjórnun sem samstarfsverkefni með áherslu á valddreifingu og þátttöku alls skólasamfélagsins
<b>Samráð og endurgjöf stjórnenda</b>				
Lítill sem engin samræða um nám og kennslu og stjórnendur hafa litlar upplýsingar um það sem fram fer í skólastofum		Stjórnendur fara í hverja skólastofu a.m.k. árlega til þess að fylgjast með kennslu út frá viðmiðum skólans og nýta í starfsþróunarsamtali		Stjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu og taka virkan þátt í samræðu um nám og kennslu, þar sem stöðug endurgjöf er hluti af daglegu starfi
<b>Fagleg forysta</b>				

Lítill afskipti skólastjórnenda af kennsluháttum og umbótastarfi	Skólastjórnendur styðja við fyrirliggjandi verkefni sem aðrir hafa komið af stað	Skólastjórnendur leggja áherslu á að laða fram hugmyndir kennara um kennsluhætti	Skólastjórnendur styðja markvisst við framkvæmd kennslu í samræmi við framtíðarsýn skólans	Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn
--	--	--	--	--

## 2. Stefnumörkun, innra mat og starfsþróun

1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig
<b>Framtíðarsýn og stefnumörkun</b>				
Ekki liggur fyrir sameiginleg skýr framtíðarsýn og stefnumörkun fyrir skólann	Sýn fyrir skólann er birt í skólanámskrá, en hennar sér lítið sem ekkert stað í daglegu starfi	Sameiginleg sýn liggur fyrir, en meginmarkmiðin víð, opin og mörg; sýnin er rædd, en birtist aðeins að hluta í daglegu starfi		Skýr sýn og fá, hnitmiðuð meginmarkmið – sem allt skólasamfélagið þekkir og hefur tekið þátt í að móta. Sýnin birtist í daglegu starfi
<b>Innra mat; Skipulag og ferli</b>				
Ekkert formlegt innra mat	Lítið innra mat til staðar og matsáætlanir ekki gerðar. Matið byggist að mestu á niðurstöðum ytri kannana sem berast til skólans	Val matsþátta tengist ekki með skýrum hætti markmiðum skólans. Matsáætlanir liggja fyrir að hluta, en mest er byggt á niðurstöðum ytri kannana án ígrundunar og aðlögunar		Markmið sett og leiðir að þeim metnar, matsáætlanir gerðar. Fjölbreytt gagnaöflun og markviss nýting ytri gagna. Áhersla á mat á námi og kennslu með ígrundun kennara. Matsaðferðir í stöðugri þróun
<b>Innra mat: Þátttaka og umbætur</b>				
Ekkert formlegt innra mat og þættir til umbóta valdir tilviljanakennt	Innra mat er aðallega á hendi eins aðila. Niðurstöður lítið notaðar til umbóta. Skólaþróun byggir takmarkað á innra mati	Stjórnendur og kennarar skipa matsteymi og leita eftir viðhorfum allra hagsmunahópa. Mest áhersla á framkvæmd matsins. Niðurstöður kynntar starfsfólki		Fulltrúar allra hagsmunaaðila virkir í matsteymi. Niðurstöður markvisst notaðar til umbóta. Samvinna og samræður allra hagsmunaaðila um umbætur og þróunarstarf
<b>Samstarf innan skólans - Lærdómssamfélag</b>				
Kennarar vinna einir og á eigin forsendum		Starfsmenn vinna að hluta til saman í teyimum að undirbúningi og skipulagi kennslu en deila ekki ábyrgð		Virkt teymisvinna með markvissri ígrundun þar sem starfsmen læra hver af öðrum og

				hver með öðrum í lærdómssamfélag
<b>Starfspróun</b>				
Kennarar fara á námskeið á eigin forsendum	Kennarar hvattir til starfspróunar án markvissrar eftirfylgni af hendi skólans	Sameiginleg símenntun að hluta en með litlum tengslum við markmið skólans		Starfspróun byggir á markmiðum skóla og umbótaáætlun; hún hefur skýr markmið um nám þátttakenda og breytingar á námi nemenda. Starfspróun er skipulega metin



### 3. Námsumhverfi

1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig
<b>Skipulag skólabygginga</b>				
Skólabyggingar skiptast niður í skólastofur að svipaðri stærð og gerð; sveigjanleiki rýmis í lágmarki		Hluti skólabygginga skipulagður með misstórum og opnum vinnurýmum og þar með einhver sveigjanleiki fyrir hendi		Skólabyggingar skipulagðar sem fjölbreytt, misstór og opin vinnurými sem gjarnan opnast inn í sameiginlegt miðrými (forum); mikill sveigjanleiki til aðlögunar
<b>Vinnurými nemenda</b>				
Nemendur vinna fyrst og fremst í sömu stofunni meirihluta skóladagsins við borð sitt sem snýr að töflu		Sumum stofum hefur verið skipt upp í vinnusvæði og nemendur fara milli svæðanna innan stofunnar	Vinnusvæði innan bekkjarstofa og í næsta nágrenni. Nemendur fara á milli rýma að einhverju marki	Vinnusvæði í skólum gefa nemendum tækifæri til að velja sér vinnuaðstöðu eftir viðfangsefnum. Nærumhverfið er einnig hluti af námsumhverfi nemenda
<b>Námsgögn og sýnileiki verkefna nemenda</b>				
Einsleit námsgögn og vinna nemenda lítt sýnileg		Námsgögn fjölbreytt og aðgengileg; verkefni nemenda sýnileg		Fjölbreytt námsgögn aðgengileg fyrir nemendur að velja úr eftir viðfangsefnum og verkefni nemenda sýnileg
<b>Skólasöfn, gagnaver</b>				
Lokuð skólasöfn, bækur og annað efni aðeins til útlána; takmarkaður opnunartími	Söfn opin fyrir nemendahópa	Samþætt og sameinuð skólasöfn og tölvustofur		Upplýsingaver eru miðlæg í skólabyggingum og aðgengileg nemendum
<b>Tæknibúnaður</b>				
Takmörkuð tölvueign skóla, aðallega	Netvæðing komin áleiðis. Tölvur í	Nemendur hafa aðgang að fartölvum/		Allir nemendur eiga kost á fjölbreyttum tækjabúnaði til

borðtölvur. Netvæðing skóla á byrjunarstigi	tölvustofum og á tölvuvögnum	spjaldtölvum. Þráðlaust net í öllum kennslurýmum		eigin nota við námið
---	---------------------------------	--	--	-------------------------

## 4. Nemendur

1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig
<b>Ákvarðanir nemenda um eigið nám</b>				
Nemendur koma lítið að ákvörðunum um nám sitt, markmið þess og framgang		Nemendur geta komið skoðunum sínum um námið á framfæri, en kennarar taka ákvarðanir og skipuleggja það. Nemendur þekkja markmið bekkjar/námshóps að hluta til		Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag þess í samráði við kennara og foreldra, m.a. með hliðsjón af áhugasviði og námsstöðu
<b>Ákvarðanir um nám nemendahóps</b>				
Nemendur hafa ekki áhrif á ákvarðanir um skipulag og viðfangsefni námshóps/bekkjar		Nemendur hafa áhrif á ákveðin viðfangsefni og skipulag þeirra, t.d. þemaverkefni		Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulag í námi hópsins
<b>Námsaðferðir</b>				
Námsaðferðir eru ekki í brennidepli; ætlast til að allir vinni samkvæmt sömu aðferð		Nemendur hafa stundum val um námsaðferðir og leiðir að markmiðum		Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum og námsaðferðir
<b>Frumkvæði nemenda</b>				
Nemendur eru viðtakendur, allur nemendahópurinn vinnur að sama viðfangsefninu; lítils frumkvæðis vænst af nemendum		Nemendur fá stundum að hafa frumkvæði að viðfangsefnum eða úrlausnum		Gengið er út frá því að nemendur sýni frumkvæði við val á viðfangsefnum, leiðum og úrlausnum innan þess ramma sem kennarar setja
<b>Aðkoma nemenda að ákvörðunum um skólastarfið</b>				
Nemendur koma ekki að ákvörðunum um málefni skólans	Nemendur virðast hafa rödd en hafa í raun lítil áhrif	Fulltrúar nemenda koma að ákvörðunum um ákveðin svið skólastarfsins, t.d.		Nemendur eru virkir þátttakendur í ákvörðunum á flestum sviðum skólastarfsins

		um starf nemendafélags og félagslíf og eiga fulltrúa í skólaráði		ásamt kennurum, stjórnendum og foreldrum
--	--	---	--	--

## 5. Kennarar og annað starfsfólk Grundaskóla

1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig
<b>Kennsluaðferðir</b>				
Kennarar eru fræðarar og leggja áherslu á að miðla efni til nemenda; fáar kennsluaðferðir nýttar		Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, en kennarastýrðar aðferðir eru ráðandi		Kennarateymi skapa fjölbreyttar aðstæður til sjálfstæðs náms nemenda, skipuleggja og leiðbeina
<b>Námsáætlanir</b>				
Sama áætlun fyrir heilan námshóp; inntak einkennist af yfirferð á námsefni		Markmið skilgreind í námsáætlun bekkja/námshópa. Einstaklingsáætlanir gerðar fyrir fáeina nemendur		Nemendur gera eigin námsáætlanir í samvinnu við kennara og foreldra, með markmiðum um fjölbreytt og skapandi viðfangsefni
<b>Verkefni nemenda</b>				
Sömu verkefni lögð fyrir alla nemendur í bekk/námshópi		Sama viðfangsefni er fyrir bekk/námshóp en mismunandi verkefni innan þess skipulögð fyrir hópa nemenda		Sama viðfangsefni lagt fyrir námshóp, en einstaklingar og minni hópar hafa frumkvæði að úrvinnslu verkefna
<b>Nemendasamtöl</b>				
Engin formleg, reglubundin samtöl nemanda og kennara um nám og líðan		Tilfallandi samtöl kennara og einstakra nemenda um nám og líðan		Nemendasamtöl um framgang námsins og líðan eru reglubundinn hluti af námsframvindunni
<b>Nýting tækninnar</b>				
Tölvur til staðar, en sáralítið nýttar í námi og kennslu	Nemendum er leyft að nota tölvur; nýttar til að styðja við hefðbundnar, kennsluaðferðir	Tæknin aðlöguð að náminu; ætlast til að nemendur nýti tölvur, en aðallega í upplýsingaöflun og í stað námsbóka eða ítarefnis	Tölvunotkun og tækni fléttuð reglubundið inn í námið. Einhver tækninotkun í flestum námsgreinum	Stöðug nýsköpun við nýtingu tækni í námi; leit að nýjum leiðum; áhersla á skapandi vinnu
<b>Námsmat</b>				

<p>Árangurspróf u.þ.b. tvisvar á ári, ekki tengd markmiðum; engin önnur skráning á framförum nemenda eða úrvinnsla</p>		<p>Árangurspróf helsta námsmatsaðferðin, en einnig stuðst við sjálfsmat, jafningjamat og námsmöppur; skráning á framförum sýnileg foreldrum</p>		<p>Fjölbreyttar námsmatsaðferðir þar sem markvisst er fylgst með framförum nemenda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum</p>

## 6. Foreldrar og grenndarsamfélag Grundaskóla

1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig
<b>Upplýsingamiðlun</b>				
Upplýsingar til foreldra um niðurstöður prófa		Foreldrar fá margvíslegar upplýsingar og fréttir, svo sem í gegnum upplýsingakerfi og á vefsíðu skólans		Gagnkvæm upplýsingamiðlun, s.s. um líðan, nám og framfarir nemanda milli kennara og foreldra
<b>Samskipti og samstarf</b>				
Samskiptin eru að frumkvæði skólans og á forsendum hans		Reglubundin foreldraviðtöl. Foreldrum er einnig boðið á fundi og á viðburði í skólanum		Foreldrar eru samstarfsmenn og hafa jafnt sem skólinn frumkvæði að samstarfi um nám og líðan nemenda
<b>Þátttaka</b>				
Foreldrar taka ekki þátt í skólastarfinu	Foreldrar taka þátt í félagsstarfi nemenda, s.s. ferðum og foreldrakvöldum	Foreldrar eiga fulltrúa í skólaráðum; ákveðnir foreldrar taka að sér að vera bekkjarfulltrúar		Foreldrar eru virkir samstarfsmenn skólans við eflingu jákvæðs skólabrags og skipulag skólans í heild. Þeir taka þátt í mati á framförum barna sinna og gerð einstaklingsáætlana
<b>Tengsl skóla og nærumhverfis</b>				
Tengsl skóla og grenndarsamfélags eru tilviljanakennd og háð áhuga kennara. Gestir í skólann eru fátíðir og sinna aðallega fræðsluhlutverki	Teymi kennara í sumum árgöngum ákveða umfang og inntak náms í nærumhverfinu eða með aðilum utan frá	Tengsl við grenndarsamfélagið eru liður í skólanámskrá en markmiðum þeirra ekki lýst. Nemendur vinna að viðfangsefnum í útinámi, einkum í tengslum við náttúruna; nokkuð um að nemendur vinni að verkefnum með aðilum úr grenndinni		Gagnkvæm tengsl skóla og grenndar eru fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá. Verkefni nemenda utan skólabyggingar og í samvinnu við aðila úr grenndarsamfélaginu eru liður í námsáætlunum nemenda
<b>Jákvæður skólabragur</b>				

Lítill samskipti milli starfsmanna og foreldra. Upplýsingar um skólastarf sjaldnast sendar heim og opinberar tilkynningar skólastjórnar ráða för.		Formlegir haustfundir haldnir einu sinni á ári. Gestir eru áheyrendur frekar en virkir þátttakendur.		Jákvæðni og metnaður er ríkjandi í skólasamfélaginu. Virðing er borin fyrir ólíkum nálgunum og hagsmunir nemenda eru í forgrunni. Samskipti við foreldra eru góð og gagnvirk. Reglulega haldnir fræðslu- og kynningarfundir um skólastarfið þar sem öllu skólasamfélaginu er boðin þátttaka.

## Hringferli:

### Sjálfsmat

Hvernig gengur okkur? Lesum sjálfsmatsskýrsluna

### Vísbendingar

Hvað vitum við um stöðuna?

Leggjum fyrir kannanir, próf og skimanir

### Framtíðarsýn

Hvaða árangri viljum við ná?

Setjum okkur markmið

### Viðbrögð

Hvernig skal bregðast við?

Gerum umbótaáætlun

### Aðgerðir

Hvernig bætum við okkur?

Framkvæmum umbótaáætlunina

### Eftirfylgd

Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Gerum sjálfsmatsskýrslu



